



1. Viðbragðsleiðbeiningar: Inngangur - almennt

1 Inngangur

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum segja fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða ef hættuástand kemur upp í skólastofnuninni eða í starfsemi á vegum skólastofnunarinnar eða í starfsemi á vegum hennar. Þær eru unnar af fulltrúum starfshóps sem skipaður er af SMÍ í samstarfi við almannavarnadeild Ríkislöggreglustjóra og Landlæknisembættið.

Athugið að leiðbeiningarnar fylgja viðbragðsáætlun skólans. Þessi tvö skjöl tengjast, annars vegar er um áætlun að ræða sem nær til allra atburða og hins vegar leiðbeiningar, sem eru sérsviðnar að mismunandi vá.

1.1 Markmið

Markmið leiðbeininga um viðbrögð í neyðartilvikum er að tryggja skipulögð viðbrögð og að nauðsynleg aðstoð berist á sem skemmtum tíma ef hættuástand skapast. Leiðbeiningarnar segja til um fyrstu viðbrögð en fela ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur t.d. löggreglustjóri ákveðið breytingu á skipulagi með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

1.2 Ábyrgð

Neyðarstjórn ber ábyrgð á virkni leiðbeininganna, uppfærslum og lagfæringum á þeim. Leiðbeiningarnar skal uppfæra á a.m.k. fimm ára fresti í samráði við almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra. Leiðbeiningarnar skal einnig yfirfara strax að lokinni æfingu og/eða ef þær hafa verið virkjaðar.

Skólameistari skal sjá til þess að allir þættir leiðbeininganna í hverjum kafla séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Halda skal skráningu um æfinguna og tillögur að úrbótum. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð neyðarstjórnar. Æskilegt er að hafa samráð við almannavarnadeild Ríkislöggreglustjóra og aðra viðbragðsaðila þegar leiðbeiningarnar eru æfðar.

Leiðbeiningarnar styðjast við lög nr. 82/2008 um almannavarnir, 6. grein löggregulaga nr. 90/1996, 2. grein brunavarnalaga nr. 75/2000, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög og reglugerðir á sviði sóttvarna, eiturefna, geislavirka efna og smitsjúkdóma, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 og reglugerð um gerð viðbragðsáætlana nr. 323/2010.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996090.html>
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000075.html>
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007041.html>



1. Viðbragðsleiðbeiningar: Inngangur - almennt

<http://www.reglugerd.is/re glugerdir/allar/nr/323-2010>

<https://www.velferdarraduneyti.is/log-og-reglugerdir/forvarnir/>

<http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

1.3 Almennt um leiðbeiningarnar

Leiðbeiningarnar eru verkfæri sem beitt er til að styðja við aðgerðir til að takast á við ýmis konar alvarlega atburði.

Í framhaldi af leiðbeiningunum skal skoða mismunandi sviðsmyndir og mögulegan viðbúnað við mismunandi atvikum. Slík áhættugreining skal bæði ná til umhverfislegra og samfélagslegra ógna.

Leiðbeiningarnar skulu ná til allra þeirra sem geta orðið fyrir hættu; nemenda, starfsfólks, viðskiptavina/gesta og aðstandenda.

Leiðbeiningarnar skal nýta sem verkfæri til að takast á við neyðaratvik á eins góðan og skilvirkan hátt og hægt er. Með jöfnu millibili skal því fara yfir aðstæður eða sviðsmyndir sem geta orsakað hættu, þá skal skipuleggja og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr möguleikum á að óæskileg alvarleg atvik geti komið upp. Greiningar og hættumat skal vera í samræmi við áhættumat lögreglu, almennavarna og landlæknis.

Nauðsynlegt er að halda reglulegar æfingar til að skoða viðbrögð og þróa þekkingu og færni í að takast á við neyðartilvik. Slíkar æfingar hafa jafnframt fræðslu- og forvarnargildi.

Lögreglustjórar fara með stjórn neyðaraðgerða og er því mikilvægt að vera í góðum samskiptum við lögreglu við æfingar á neyðarviðbrögðum. Halda skal öryggisþjónustu (öryggisfyrirtæki sem skipt er við) utan stofnunarinnar upplýstu um æfingar og óska eftir þátttöku hennar eftir atvikum. Reglulega skal gera úttekt og greiningu á þörfum eigin öryggisbúnaðar sem getur verið mismunandi eftir svæðum og/eða byggingum.

Undir leiðbeiningarnar rita nafn sitt til staðfestingar gildistöku; skólameistari og aðrir sem skipaðir eru í neyðarstjórn í stofnuninni.